

Hugleiðingar um framhaldsskólaskírteini, VMA skírteini.

A Halda áfram að stefna á að gefa út VMA skírteini vorið 2010.

Markmiðið með VMA skírteininu er að viðurkenna nám í framhaldsskóla á öllum brautum án tilliti til þess hvort nemandinn stefnir að formlegum námslokum á ákveðinni námsbraut.

Markmiðið er einnig að útrýma því sjónarmiði að framhaldsskólapróf sé fyrir nemendur em ekki munu ljúka öðru námi í framhaldsskóla.

Einnig er ætlast til þess að nemendur sem eiga í erfiðleikum með t.d. ákveðnar bóklegar greinar eða bóknám hentar þeim illa vegna einhverra persónulegra eiginleika þeirra geti fengið skírteini úr framhaldsskóla. Allar núverandi námsbrautir í framhaldsskóla gera kröfur um talsvert bóknám.

Með framhaldsskólaskírteini gefst einhverjum nemendum tækifæri til að hætta í framhaldsskóla en fá samt einhverskonar viðurkenningu á námi sínu.

Með framhaldsskólaskírteini getur VMA bent þeim nemendum sem sjá varla fram á að ljúka ákveðinni námsbraut á að hægt er að fá skírteini.

Ef allir nemendur fá slíkt skírteini gæti það farið að hafa einhverja merkingu utan VMA. Fjölskyldur, atvinnulíf og aðrir aðilar samfélagsins gætu farið að þekkja til skírteinisins. Það myndi varla gerast ef einungis örfáir úr hverjum árgangi fengju skírteinið.

- Hvað? Skírteini sem merkir að nemandinn hafi lokið 52 einingum í framhaldsskóla.
- Hve mikið í VMA? A.m.k 26 einingar í dagskóla VMA.
- Á hve löngum tíma? Nemandinn hafi haft tækifæri til að ljúka fjórum önnum í framhaldsskóla. Gefið út strax eftir fjórðu önn en líka eftir það þegar nemendur hafa lokið tilskyldum einingafjölda.
- Hvaða innihald í náminu? Allt nám í framhaldsskóla er þess virði að það sé viðurkennt. Engar kröfur eru gerðar til innihalds í náminu. Eingöngu er horft á að búið sé að ljúka 52 einingum (fjórar annir, 13 einingar að meðaltali á önn).
-
- Hvað segir á skírteininu? Er ástæða til að taka fram sérhæfingu í námi? Þótt það verði gert er ekki verið að segja að einhver hafi lokið sérnámi eða ákveðinni námsbraut í því fagi.
- Ekki verði um brautskráningarathöfn að ræða ????? heldur fái nemendur skírteini í pósti og afrit verði geymt á tölvutæku formi þannig að valdir starfsmenn geti nálgast skírteinið og prentað út???. Hugsanlega hægt að geyma í INNU ???.

Nafna Nafnsdóttir

Hefur uppfyllt þær kröfur sem eru gerðar til að hljóta VMA skírteini með áherslu á ????????????????nám. Það merkir að nemandinn hefur lokið að minnsta kosti 52 einingum í framhaldsskóla og þar af teljast að minnsta kosti 20 einingar til sérnáms í ????????????????????????????????????.

Einkunnir fylgja hér að neðan:

Íslenska ÁFA???

XX

Kennslustjóri

Skólameistari

B Að gera nemendum sem eiga erfitt kleift að ljúka Framhaldsskólaskírteini

Hér er fyrst og fremst verið að miða að því að einstaklingarnir þroskist, fái aukið sjálfstraust og hvatningu til að leggja sig fram í námi og vinnu og reynt verði að koma í veg fyrir að nemendur fái ennþá einu sinni staðfest að nám gangi illa og að skóli sé ekki staður fyrir þau. VMA vill bjóða uppá námsleiðir sem ekki teljast iðnnám eða bóknám til stúdentsprófs. Þá er verið að reyna að hjálpa nemendum að finna það sem þau hafa áhuga á, hvar hæfileikar þeirra liggja og gefa þeim tækifæri til að ná sér í færni og hæfni sem nýtist á vinnumarkaði og í frekara námi.

Fyrsta námsár

AN1 felur í sér að nemendur taka ákveðinn pakka á einu ári:

- NSK (ferðalag um verkstæði á haustönn) 6 ein
- Undirbúnings eða kynningarnám í verklegu SMÍ / RAL / VPS 194/5 SJL 3 – 5 ein
- Lífsstíll og snyrting / félagsstörf 2 – 4 ein.
- LKN báðar annir 3 ein. ÍÞR 4 ein.
- UTN192 292 upplýsingatækni 4 ein
- Bóklegir undirbúningsáfangar eða áframhald í 102 tveir áfangar hvora önn 10 – 12 ein

Samanlagt er um að ræða um það bil 30 eininga nám á einu ári. Þar er ekki mikil áhersla á almennt bóklegt nám, tveir áfangar á önn.

Hugsanlega hefur verið lögð heldur mikil áhersla á upprifjunaráfanga í þeim greinum sem hafa gengið verst. **Ef til vill myndi sumum nemendum henta betur að vinna aðallega í þeim bóklegu fögum sem ganga best.**

Þótt nemendum gangi mjög illa að fóta sig í bóklegu námi getur eitt ár sloppið á þessari braut án þess að nemendinn sé ennþá einu sinni barinn í höfuðið með slökum einkunnum í bóklegu. Þegar ferlar nemenda á AN1 eru skoðaðir má greina það mynstur að fyrsta árið viðrðist ganga sæmilega en hjá mörgum verður erfiðara eftir það.

Annað námsár

Annað árið er líklega erfiðara. **Það lítur út fyrir að ferlar nemenda sem byrja á AN1 braut sýni okkur að á öðru ári fer að skilja milli þeirra sem ná sér á strik í skólanum og hinna.**

Á öðru ári er spurning hvað þau geta gert, hvað býður VMA?

Sumir velja að fara á verknámsbraut svo sem GMV eða GMT eftir AN1 á fyrsta ári. Þar er fyrsta önnin fyrir nýnema sett upp með LKN og ÍÞR sem nemendur af AN1 eru búin með. Þannig eykst bóklega krafan bara í staðinn hjá þessum nemendum sem eru komin á annað námsár.

Verklegi þátturinn er einungis um 6 - 8 einingar og svo þarf að takast á við almennar bóklegar greinar sem margir þessara nemenda hafa fengið marg staðfest að henta þeim illa.

Líklega fer fjórða önnin oft illa þar sem þessir nemendur eru að reyna sig í bóknámi eða verknámi og bóknámskrafan reynist erfið. Ekki er nein ástæða til að halda að þau séu almennt betri/hafi meiri áhuga eða hæfileika til að sinna verklegu námi en bóknámi. Líklega er sjálfsmyndin oft slök og utanaðkomandi aðstæður ásamt eiginleikum þeirra sjálfra gera þeim erfitt fyrir í skólanum og líklega oft í lífinu almennt. (sjá gögn um nýnemahópa.)

Tenging við vinnuvélaréttindi.

Hugmyndin er að skoða hvort vinnustaðanám eða fleiri verklegir möguleikar í VMA með tengingu við réttindanám á vinnuvélar, skyndihjálp og annað sem fækkar hefðbundnum kennslustundum í skóla gæti hentað.

Önnur leið gæti verið að skoða þjónustustörf þar sem verið er að horfa á hugsanlegt vinnustaðanám og seinna störf í matvælagæiranum, verslun og þjónustu.

Kynjasjónarmið

Mikilvægt er að viðurkenna að hefðbundin karlastörf og kvennastörf eru veruleiki. Engin ástæða er til að halda að áhugi og geta nemendanna sem hér er rætt um sé með þeim hætti að það breyti þessu hefðbundna starfsvali. Það er skylda VMA að benda nemendum á alla möguleika og ýta undir blöndun kynja í námsvali og á vinnumarkaði en við getum ekki skyldað nemendur af öðru kyninu til að fara óhefðbundnar leiðir í náms- og starfsvali.

Samkomulag þriggja aðila

Hugsanlega er hægt að semja við fyrirtæki um að taka nemendur í nám á vinnustað, einn til tvo daga í viku. Þar væri um að ræða fyrirkomulag sem þrjú aðilar semja um, nemandinn, skólinn og vinnustaður. Á vinnustaðnum væri leiðbeinandi / tengill sem vissi hvert væri markmiðið. Sett yrðu upp markmið með námi á vinnustað og nemandinn, vinnustaðurinn og skólinn myndu meta það í sameiningu hvernig þeim markmiðum er náð. (sjá POETE verkefni vinnubók)

Vinnustaðanám í stundatöflu, vinnuvélaréttindi

Einn þátturinn gæti verið að nemendur færu á vinnuvélanámskeið, bóklegt í VMA en kennt af starfsmönnum Vinnueftirlits. Um 30 stundir bóklegar og svo þjálfun, réttindapróf í maí. Eftir miðja önn eða fyrr lyki þessum bóklega þætti en verkleg þjálfun á vinnustað tæki við. Þar yrði nemandinn í einhverjar kennslustundir í viku undir leiðsögn einhvers sem hefur réttindi til að leiðbeina á slík tæki eins og lyftara og fleira. Hluti af vinnustaðanáminu væri að taka þátt í störfum á vinnustaðnum, vinnuveitandi hefði nemandann til taks sem starfskraft að einhverju leyti og þannig væri að einhverju leyti greitt fyrir leiðbeiningar vinnustaðarins og þátt í kennslu og þjálfun. Nemendur fá ekki laun, nema að vinnustaðurinn vilji fá viðkomandi í meiri vinnu.

Þannig yrði búinn til pakki uppá þrjár til sex einingar (eða fleiri) sem byggist á annars vegar bóklegum hluta vinnuvélaréttindanáms, skyndihjálp og hugsanlega fleiru sem segja má að sé bein tenging við nám á vinnustað. Einhver hluti nemenda myndi vilja fara á nýliðanámskeið hjá björgunarsveit.

Hinsvegar yrði vinnustaðadvöl með þjálfun í notkun tækja með það að markmiðið að nemandinn geti farið í próf í notkun þessara tækja og fái þar með réttindi sem gætu hjálpað til þegar viðkomandi leitar að atvinnu.

Hér væri líka verið að reyna að auðvelda nemendum að fá skírteini um nám í framhaldsskóla og geta þannig lokið námi á sómasamlegan hátt og fá um leið þjálfun, hæfni og skilgreind réttindi sem vinnustaðir óska eftir.

Framhald eftir framhaldsskólapróf

Ef nemandi vill halda áfram þá býður VMA uppá margar námsleiðir. Flestar eða allar gera núna kröfu um ákveðna bóklega áfanga og þessir nemendur eru margir ekkert betur í stakk búnir til að ljúka þeim þótt þeir hafi lokið framhaldsskólaprófi. Hinsvegar er hugsanlegt að skárrí sjálfsmynd og hærri aldur, meiri þroski hjálpi þeim að takast á við erfitt bóknám og skólinn getur nýtt sér leiðir til að veita undanþágur eins og gert er ráð fyrir í aðalnámskrá framhaldsskóla.

VMA getur líka leitað leiða til að móta námsleiðir sem gera ráð fyrir annarri nálgun á almennar bóklegar greinar, að ekki þuri allir að ljúka t.d. STÆ102 heldur sé boið uppá aðrar leiðir við að ljúka nrmái í talnameðferð og vinnu með stærðir.

Tvær helstu leiðir til framhaldsskólaprófs með vinnustaðanámi.

Þessir pakkar gætu verið tveir: Ekki er um að ræða einsleitan hóp nemenda sem gengur illa að fóta sig í náminu. Um er að ræða bæði kyn, áhugi og hæfileikar eru á mismunandi sviðum.

A Matvælatengt, ferðapjónustutengt, verslunartengt, þjónustutengt. (húsmæðranám?)

Miðað við matvælanám, þjónustunám, verslunarstörf: GMV greinar VÞS, HRÖ, KMN, VÞV (IÐM NÆR) 8 einingar haust og 8 ein vor og svo vinnustaðatengdur pakki þar sem VÞV yrði útvíkkaður þannig að ekki yrði vika í burtu heldur einn eða fleiri dagar í viku á vinnustað. (nokkurskonar fyrsta þreps nám í matvælagreinum) ekki rugla saman við það að stefna á iðnnám eða ljúka tveggja ára grunnámi í Matvæla- veitinga- og ferðapjónustugreina. Hér yrði líka möguleiki á að fara í vinnustaðanám við verslun án þess að þurfa endilega að ljúka svo miklu námi í bókfærslu eða slíkum greinum.

Mikilvægt er líka að bjóða uppá það sem skólinn getur gert. Þar má nefna fatasaum sem alltaf hefur verið töluvert spurt um líkt og MML. Fatasaumsáfangi þar sem ekki endilega þarf að vera með nákvæmlega sömu viðfangsefni og í FAT103 gæti verið eitthvað sem einhver hluti nemenda á AN1 myndi vilja skoða, líklega frekar stúlkurnar. Það sama gæti gilt um hárgreiðslukynningu.

Í þessum pakka gæti verið nám tengt björgunarsveit eða að sumir nemendur færu þá leið. Í því er skyndihjálp en líka almenn ferðamennska, björgun og fleira, bæði bóklegir þættir og verklegir. Björgunarsveitin Súlor myndi sjá um þann þátt. Þar er til námskeiðapakki uppá ca 5 einingar.

Dæmi um feril til framhaldskólaskírteinis

Það mætti kalla þetta matvælatengt / þjónustutengt nám á fyrsta þrepi.

AN1		Annað ár:	
Haustönn	Vorönn	Haustönn	Vorönn
NSK 6 ein	VÞS 195	VÞS 106	VÞS 206
ÍÞR 2 ein	ÍÞR 2 ein	HRÖ 101	
LKN 2 ein	LKN 1 ein	KMN 101	
UTN 2 ein	LOS 2 ein	FAT173 HÁR 173	Vinnustaðadvöl
Bóklegt 3 ein???	Bóklegt 3 ein???	Bóklegt 3 ein???	
Bóklegt 3 ein???	Bóklegt 3 ein???		
16 – 18 ein	15 – 17 ein	14 - 17 ein	12 - 16 ein

Samanlagt 55 – 65 ein

B Mál- vinnuvélatengt

Miðað við málmíðnagrunn: Einhverjir þættir úr GMT, hugsanlega ekki SMÍ í heild en hugsanlega einhverjir þættir úr því námi og málmstuðu. Ef til vill má draga inn í það vélaskoðun og hugsanlega vinnu við bíl/rif eða annað.

Svo myndi vinnuvélanám koma inn með þeim hætti sem var lýst að ofan.

Dæmi um feril til framhaldskólaskírteinis

Það mætti kalla þetta málmíðnatengt nám á fyrsta þrepi.

AN1

Haustönn

NSK 6 ein

ÍÞR 2 ein

LKN 2 ein

UTN 2 ein

Bóklegt 3 ein???

Bóklegt 3 ein???

16 – 18 ein

Vorönn

SMÍ 194 4 ein

ÍÞR 2 ein

LKN 1 ein

Bóklegt 3 ein???

Bóklegt 3 ein???

15 – 17 ein

Annað ár:

Haustönn

Málmíðnafög 4 ein

Vinnustaðatengt

Annað

Bóklegt 3 ein???

14 - 17 ein

Vorönn

Málmíðnafög 4 ein

Vinnustaðadvöl

Í VMA tengt vinnust

Annað

Bóklegt 3 ein???

12 - 16 ein

Samanlagt 55 – 65 ein

Samningar við vinnustaði þyrftu að fela í sér að nemandi væri daga eða dagparta á vinnustaðnum, fengi kynningu og einföld verkefni. Neminn myndi kynnast verkefnum og viðfangsefnum, fengi þjálfun á lyftara eða önnur tæki með það að markmiði að hann/hún gæti lokið réttindaprófi á tækið um vorið.

Í þessum pakka gæti verið nám tengt björgunarsveit eða að sumir nemendur færu þá leið. Í því er skyndihjálp en líka almenn ferðamennska, björgun og fleira, bæði bóklegir þttir og verklegir. Björgunarsveitin Súgur myndi sjá um þann þátt. Þar er til námskeiðapakki uppá ca 5 einingar.

Vinnustaðanám

Allt vinnustaðanámið yrði sett í stundatöflu ásamt þeim námsgreinum sem nemandinn er að taka í VMA.

VMA væri að útvega námspláss og mat á vinnustaðanáminu yrði eftir matskvörðum og umsögnum vinnustaðar, nemanda og fulltrúa skólans sem yrði í sambandi við nemann og vinnustaðinn og myndi heimsækja nemann á vinnustað í eitt eða fleiri skipti.

Hægt væri að merkja viðveru í INNU og stefnt yrði á internetið til að finna leiðir til að nemandinn geti gert grein fyrir veru sinni á vinnustaðnum.

Hvað þarf að útbúa vegna svona náms á vinnustað?

- Listi yfir hæfnimarkmið sem stefnt er að.
- VMA þarf að hafa lista yfir vinnustaði.
- Á hverjum vinnustað þarf að vera til yfirlit um þá þætti sem hægt er að þjálfra og læra þar, einnig hverjir sjá um nemendur.
- Útbúa þarf umhverfi, vinnubók, skilaaðferðir á vefnum, aðrar leiðir til að vinnustaður og nemandi ásamt eftirlitsaðila úr VMA geti skilað af sér mati á frammistöðu nemanda.

Allt þetta er gert nú þegar í VMA að einhverju leyti. Vinnustaðanám sjúkraliðanema og nemenda í GMV og í HAV áfanga á verslunarbraut hefur verið rekið á þennan hátt lengi.

Starfsmaður við vinnustaðanám.

Eðlilegast er að VMA sækji um styrk til að koma af stað starfi slíks starfsmanns í samvinnu við samtök vinnustaða, t.d. eru til á Akureyri Samtök Atvinnurekenda á Akureyri og eðlilegast er að leita til þeirra um samstarf og samvinnu við umsókn um styrk til að koma þessu á.

Hugsanlega er nauðsynlegt að hafa sérstakan starfsmann sem sér um vinnustaðanám:

- hefur samband við fyrirtæki,
- þarar saman nemendur og vinnustaði,
- sér um fræðslu þeirra sem sjá um nemendur á vinnustaðnum,
- tekur við erindum nemenda og vinnuveitenda
- heimsækir vinnustaði og nemendur á vinnustað,
- hefur umsjón með mati á vinnustaðanámsdöl nemendanna,
- sér um mætingamerkingar og skil á gögnum um vinnustaðanámið
- tekur þátt í samstarfsvermefnum VMA með öðrum skólum og samtökum vinnustaða innanlands og utan.